

Félagsmálaráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Umsögn notendaráðs Reykjavíkurborgar um reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita félagsþjónustu

Eftirfarandi umsögn snýr eingöngu að 7. grein reglugerðarinnar sem varðar umsögn notendaráða. Notendaráð Reykjavíkurborgar gerir ekki athugasemdir við aðrar greinar í reglugerðinni.

Í 7. greininni segir að Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar skuli afla umsagnar notendaráða í því sveitarfélagi þar sem starfsemin er, áður en umsókn um starfsleyfi sé tekin til afgreiðslu.

Í endurskoðaðri reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita þjónustu við fatlað fólk, er hins vegar í 7. grein fjallað um tilkynningu til notendaráða. Notendaráðum sé tilkynnt um fyrirhugaða afgreiðslu umsóknar og að notendaráð hafi heimild til að veita umsögn um umsóknina. Einnig er þar greint frá því að Félagsmálaráðuneytið skuli útbúa leiðbeiningar fyrir notendaráð varðandi umsagnir, en í reglugerðinni sem hér er til umsagnar er ekki fjallað um leiðbeiningar til notendaráða.

Þessi mismunur á 7. grein reglugerðanna er líklegur til þess að valda ruglingi fyrir notendaráð þar sem ólíkar reglur gilda um hlutverk notendaráðs eftir því hvort um er að ræða aðila sem sækja um að veita félagsþjónustu annars vegar og aðila sem sækja um að veita þjónustu við fatlað fólk hins vegar. Erfitt er að að átta sig á því hvers vegna þessi munur er á hlutverki notendaráðs út frá því hvers konar þjónustu einkaaðilar sækja um starfsleyfi fyrir. Ef ekki er talin ástæða til þess að samræma 7. gr. þessara tveggja reglugerða væri gott að notendaráð fengju útskýringar á því hvers vegna greinarnar eru ólíkar milli reglugerða.

Jafnframt er mikilvægt að það sé skýrt gagnvart notendaráðunum hvaða leiðbeiningum þau eigi að fylgja við gerð umsagna. Notendaráð þyrftu því að vera upplýst um hvort þær leiðbeiningar sem fjallað er um í reglugerð um starfsleyfi til einkaaðila sem veita þjónustu við fatlað fólk skuli einnig gilda gagnvart umsækjendum sem sækja um að veita þjónustu á grundvelli þessarar reglugerðar.

F.h. notendaráðs Reykjavíkurborgar,

Tómas Ingi Adolfsson